LEIÐBEININGAR FYRIR VX820 DUET

A PAYMENT
SERVICE PROVIDER
POWERED BY

VeriFone
THE WAY TO PAY

VX820

Segulrandalesari

Skjöldur

Lesari fyrir snertilaus kort/snjallsíma

Númeratakkar

HREINSA: Notaður til að hreinsa innslátt og hætta við aðgerð.

LEIÐRÉTTA: Notaður til að leiðrétta innslátt.

INNSLÁTTUR: Notaður til að staðfesta innslátt.

Örgjörvalesari

ÚTPRENTUN AF KVITTUN

Með posanum fylgir útprentun af kvittun. Gakktu úr skugga um að nafn söluaðila og heimilisfang sé rétt áður en byrjað er að nota posann. Ef upplýsingar eru rangar þá vinsamlega hafa samband við þjónustuborð í síma +354 544-5060

FYLGIHLUTIR

- Kassi utan um posann
- Standur fyrir posann
- Tengisnúra við standinn
- Spennugjafi
- Tengisnúra við net

TENGINGAR AFTAN Á VX820 STANDARA



1. USB
2. Posa tengi
3. RS232 tengi
4. IP-tengi.
5. Tengi fyrir almenna símalínu (ekki notað)

Tengingar eru aftan á stand/vöggu:
Tengi á mynd ef tengja á við **IP-net**.

TENGING VIÐ RAFMAGN



Spennugjafa er stungið á hlið vöggunnar (sjá mynd. Þegar búið er að tengja spennugjafann við posann er spennugjafanum stungið í samband við rafmagnsinnstungu.

ÍSETNING Á PAPPÍR



1 Lyftið lokinu með því að þrýsta upp flipanum hjá pappírsraufinni.



2 Leggið rúlluna í. Pappírinn á að koma undan rúllunni eins og sýnt er á myndinni.



3 Þegar rúllunni hefur verið komið fyrir eru nokkrir sentimetrar af pappír látnir standa upp úr.



4 Rúllulokinu þrýst niður þar til smellur og því lokað.

Pappírinn sem notaður er í VX820 þarf að vera hitanæmur (thermo pappír í einriti. Þvermál rúllu má ekki vera meira en 38mm miðað við 55g. pappír.

IP-TENGING

TENGING POSA VIÐ NET MEÐ DHCP

Algengasta tengileiðin er DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) sem þýðir að IP-tölu (IP adresse), Subnet mask, Gateway og DNS tölum er úthlutað sjálfkrafa og þarf þess vegna ekki að stimpla það handvirkt í posa.

+ Fyrst er netsnúra tengd í posa, síðan er posi tengdur við rafmagn.

Algengustu tengileiðir:





Ef posi er með rétta IP-tölu er æskilegt að framkvæma sölu, ógilda hana og senda inn bunka til að staðfesta að posi sé tilbúinn til notkunar.

IP-TENGING

VANDAMAL OG LAUSNIR:

Ef posi nær ekki netsambandi er gott að athuga eftirfarandi áður en hringt er í þjónustuaðila.

+ Posi tengdur við ADSL-beini (DHCP)
    + Er ADSL-beinir með netsamband (sjá leiðbeiningar með beini)?
    + Ef netsnúra er tengd í beini og posa ætti að vera grænt stöðugt ljós bæði þar sem netsnúran tengist í beini og posa. Ef það er ekki ljós: prófið að aftengja snúru bæði úr beini og posa og tengja hana aftur – ef það virkar ekki, prófið að skipta um netsnúruna.
    + Ef það er laust netport á beini, prófið að setja netsnúru í annað port, stundum eru netport beinis frátekin t.d. fyrir netsjónvarp (yfirleitt port 4).
    + Endurræsa beini og bíða eftir að hann nái nettengingu, endurræsa síðan posa.
    + Athuga stillingar á eldvegg.

IP- TENGING FASTSETJA NET

Föst IP tala sett í posa

Fyrst er netsnúra tengd í **IP-tengi** posa, síðan er posi tengdur við rafmagn.

Skrá þarf IP-tölu, Subnet mask, Gateway og DNS tölur í posa.

Upphafsvalmynd.

1) Veljið **Fleiri** á skjánum.

2) Veljið **Fleiri** á skjánum.

3) Veljið **TCP/IP** á skjánum.



4) Ýta á Edit.



5) Sláið inn lykilorð söluaðila. Síðan er ýtt á **Staðfesta**, græni takkinn á lykla-borðinu á posanum.



6) Fyrsta skrefið er að ýta á DHCP og breyta í Nei



7) Næst er ýtt á **IP Address** reitin. Byrja á því að stroka út með gula hnappnum ←. (Hægt að halda honum inni til þess að stroka allt út).
Síðan er IP talan sleginn inn. Ýtt er á stjörnuna * til að slá inn punkt. Þegar búið er að slá inn IP töluna er næsta gildi valið, **Subnet** og svo koll af kolli. Þegar búið er að slá inn allar upplýsingar er ýtt á **Save**.

Þegar búið er að kveikja á posa og hann er kominn í upphafsmynd þá birtist "**Velkomin**" á skjánum. Seljandi slær inn upphæð.

Seljandi ýtir á Staðfesta (græna hnappinn) á lykla-borðinu eða velur "Sala" á skjánum.

SALA MEÐ ÖRGJÖRVALESARA

Seljandi slær inn upphæð og ýtir á Staðfesta (græna hnappinn) á lyklaborðinu eða velur Sala á skjánum.
Korthafi stingur örgjörvakorti í örgjörvalesarann. Posinn les kortið og tengist heimildarþjóni.
Korthafi slær inn PIN-númerið og ýtir á Staðfesta (græna hnappinn) á lyklaborðinu til að staðfesta. Ef salan er heimiluð prentast eintak seljanda.
Hægt er að velja um hvort kvittun sé prentuð. Ýta á Hreinsa (rauða hnappinn) til að sleppa við að prenta kvittun. Ýta á Staðfesta (græna hnappinn) til að flýta fyrir prentun á kvittun. Seljandi athugi á strimli hvort PIN sé staðfest.

SALA MEÐ SEGULRÖND



Seljandi slær inn upphæð og ýtir á Staðfesta (græna hnappinn) á lyklaborðinu eða velur Sala á skjánum.
Seljandi rennir korti í gegnum kortalesara. Posinn les kortið og tengist heimildarþjóni. Ef salan er heimiluð prentast eintak **seljanda** sem korthafi undirritar. Eintak korthafa (prentast einnig ef hvorugt er valið). Hægt er að velja um hvort kvittun sé prentuð. Ýta á Hreinsa (rauða hnappinn) til að sleppa við að prenta afritið eða á Staðfesta (græna hnappinn) til að flýta fyrir prentun á kvittun.

SNERTILAUS SALA MEÐ KORTI/SNJALLSÍMA

Seljandi slær inn upphæð og ýtir á Staðfesta (græna hnappinn) á lyklaborðinu eða velur Sala á skjánum.
Korthafi rennir kortinu/snjallsímanum yfir skjá posans. Posinn les kortið/af snjallsímanum og tengist heimildarþjóni. Ef salan er heimiluð prentast eintak seljanda. Hægt er að velja um hvort kvittun sé prentuð. Ýta á Hreinsa (rauða hnappinn) til að sleppa við að prenta kvittun. Ýta á Staðfesta (græna hnappinn) til að flýta fyrir prentun ákvittun. Seljandi athugi á strimli hvort PIN sé staðfest.

YFIRLIT YFIR AÐGERÐIR Í POSA

SALA

Skráning þýðir annaðhvort: Skuldfærslu á kortareikning korthafa ef salan er framkvæmd með kreditkorti, eða skuldfærslu á viðskiptareikning korthafa í banka eða sparisjóði ef salan er framkvæmd með debetkorti.

ÓGILDING

Notuð til að ógilda debet- eða kreditkortafærslu sem er í posa. Aðeins er hægt að ógilda færslu sama dag og hún fór fram. Ekki má vera búið að senda inn bunka með viðkomandi færslu.

SENDA BUNKA

Notað til að gera posann upp. Þegar innsendingu er lokið er minni posans tómt og þá er hann aftur tilbúinn til notkunar. Færslurnar eru sendar til viðkomandi færsluhirðis þar sem gengið er frá skuldfærslu þeirra. Æskilegt er að senda bunka daglega, sé á annað borð um einhverja notkun á posanum að ræða; þó aldrei sjaldnar en svo að elsta færsla í posanum sé eldri en þrír virkir dagar. Eftir fyrstu sölu birtist í upphafsvalmynd á posa snertihnappur til að senda bunka.

ENDURGREIÐA

Er notað þegar þarf að endurgreiða korthafa vöru eða þjónustu. Aðeins hægt að framkvæma þegar kreditkort á í hlut.

SÍMGREIÐSLA

Notað þegar greitt er fyrir vöru eða þjónustu símleiðis, þ.e. þegar korthafi er ekki viðstaddur til að afhenda kortið sitt. Aðeins er hægt að framkvæma símgreiðslu með kreditkortum.

EFTIRÁSKRÁNING

Má aðeins nota í neyðartilfellum, þ.e. þegar posi bilar eða ef símasamband eða heimildakerfi liggur niðri. Einnig hægt að nýta heimild sem hefur fengist með aðgerðinni sækja heimild.

SÆKJA HEIMILD

Þessi aðgerð skuldfærir ekki viðskipti á kortareikning heldur er aðeins leitað heimildar, til að athuga hvort heimild sé fyrir sölu með kreditkorti áður en þjónusta er veitt, t.d. við hótelrekstur og bílaleigur.

PRENTA

Aðgerðin býður upp á eftirfarandi fjórar undiraðgerðir:

HEILDARLISTI

Prentar samtalstölur fyrir hverja kortategund og heildarupphæð yfir þær færslur sem eru í posanum.

FÆRSLULISTI

Prentar lista yfir allar færslur sem eru í posanum. Fram kemur færslunúmer, hluti kortanúmers, kortategund, dagsetning og upphæð fyrir hverja færslu.

SÍÐASTA NÓTA

Prentar síðustu kvittun sem posinn prentaði eða reyndi að prenta.

SKÝRINGAR Á SKILABOÐUM

AÐEINS HEIMILD EKKI LEYFÐ

Aðgerðin AÐEINS HEIMILD er ekki leyfð fyrir debetkort. Aðeins er hægt að nota kreditkort til að framkvæma þessa aðgerð.

AÐGERÐ LOKUÐ

Aðgerð sem reynt var að framkvæma er ekki opin fyrir seljanda. Hafið samband við þjónustuaðila til að opna fyrir aðgerð ef þarf.

BUNKI FULLUR SENDIÐ INN BUNKA

Ekki er hægt að nota posann fyrr en bunki hefur verið opnaður. Leitið aðstoðar hjá þjónustuaðila til að opna bunka. Ekki er hægt að safna fleiri færslum í núverandi bunka. Senda verður inn bunka áður en hægt er að taka við fleiri færslum.

BUNKI LÆSTUR

BUNKI OF GAMALL SENDIÐ INN BUNKA. Ekki er hægt að safna fleiri færslum í núverandi bunka. Senda verður inn bunka áður en hægt er að taka við fleiri færslum.

DAGSETNING BREYST SENDIÐ INN BUNKA

Dagsetning posans er ekki rétt. Því verður að senda inn bunka. Þegar bunki er sendur inn er dagsetning leiðrétt sjálfkrafa.

EKKERT SVAR (FRÁ HOST)

Kerfi sem móttekur heimildafyrirspurnir eða bunkainnsendingar svara ekki. Reynið aftur, hafið samband við þjónustuaðila ef endurteknar tilraunir bera ekki árangur.

EKKI HEIMILAÐ

Færsla hefur ekki verið heimiluð og er þar af leiðandi ekki skráð. Athugið skýringartexta á kvittun til að sjá ástæðu þess að færsla var ekki heimiluð.

EKKI SAMBAND VIÐ GSM

Ath. hvort posi er innan þjónustusvæðis. Ef hægt er, má prófa að færa sig ef þið skylduð vera á dauðum bletti. Ef það virkar ekki skal hafa samband við þjónustuaðila.

EKKI SLÖKKVA Á POSANUM

Posi er að sækja sjálfvirka uppfærslu. Ekki slökkva á posanum fyrr en uppfærslu er lokið og upphafsvalmynd er komin á posann.

FÆRSLUNÚMER FINNST EKKI

Færsla með viðkomandi færslunúmeri er ekki til staðar í núverandi bunka. Prentið út færslulista, til að athuga hvort færsla er til staðar í núverandi bunka. Athugið vel hvort rétt færslunúmer er slegið inn.

SKÝRINGAR Á SKILABOÐUM

GAT EKKI LESIÐ KORTIÐ

Ekki tókst að lesa segulrönd á korti. Reynið að lesa kort aftur, ef ekki tekst að lesa kort er hægt að ýta á takkann **HANDSKRÁ** til að slá inn kortnúmer á kreditkortum. Ef þessi skilaboð koma endurtekið fyrir, hafið þá samband við þjónustuaðila.

KORT EKKI LESIÐ RÖNG INNSETNING?

Korti hefur verið stungið öfugt í eða gæti verið skítugt, þá þarf að strjúka af örgjörva.

KORT HAFNAR FÆRSLU Hafið

samband við Verifone í síma 544 5060.

KORT ÚTRUNNIÐ

Gildistími korts er útrunninn og því ekki heimilt að taka við færslum af þessu korti.

KORTHAFI HÆTTI VIÐ

Korthafi ýtti á Rauða hnappinn á posa til að stoppa aðgerð.

KORTI HAFNAÐ

Ekki er leyfilegt að nota viðkomandi kort í þessari aðgerð.

OF MÖRG RÖNG PIN

PIN-númer hefur verið slegið of oft rangt inn.
Ef korthafi veit PIN-númer getur hann aflæst kortinu í næsta hraðbanka. Ef ekki þarf hann að snúa sér til útgefanda korts.

ÓGILD DAGSETNING

Athugið að dagsetning í posa sé rétt. Leitið aðstoðar Verifone til að stilla dagsetningu.

ÓLEYFILEG AÐGERÐ

Ekki er leyfilegt að nota viðkomandi kort í þessari aðgerð.

POSI LÆSIST EFTIR X DAGA

Posa verður að óbreyttu læst eftir þann dagafjölda sem kemur fram á skjá.
Vinsamlega hafið samband við Verifone í síma 544 5060.

POSI LÆSTUR

Posa hefur verið læst af þjónustuaðila. Vinsamlega hafið samband við Verifone í síma 544-5060.

PRENTARA VILLA PAPPÍR BÚINN

Vinsamlega skiptið um pappír áður en haldið er áfram.

ÓTENGDUR

Vantar tengingu við netið.

SKÝRINGAR Á SKILABOÐUM

RANGT KORTANUMER

Kortanúmer rangt slegið inn.

RANGT PIN

PIN-númer er rangt slegið inn.

SAMBAND ROFNAÐI

Athugið hvort allar tengingar séu í lagi og reynið aftur. Hafið samband við Verifone ef endurteknar tilraunir bera ekki árangur.

SVARAR EKKI

Kerfi sem móttekur heimildafyrirspurnir eða bunkainnsendingar svarar ekki. Reynið aftur. Hafið samband við Verifone ef endurteknar tilraunir bera ekki árangur.

SELJANDI HÆTTI VIÐ

Seljandi ýtti á á Rauða hnappinn á posa til að stoppa aðgerð.

UPPHÆÐ FINNST EKKI

Upphæð ógildingar stemmir ekki við upphæð sölunótu. Aðeins er hægt að ógilda sömu upphæð og á sölunótu en ekki hluta söluupphæðar.

UPPHÆÐ OF HÁ

Upphæð sem hefur verið slegin inn er of há. Athugið hvort rétt upphæð hafi verið slegin inn. Hafið samband við **Verifone** til að breyta hámarksupphæð ef með þarf.

UPPHÆÐ OF LÁG

Upphæð sem hefur verið slegin inn er of lág. Athugið hvort rétt upphæð hafi verið slegin inn. Hafið samband við þjónustuaðila til að breyta lágmarksupphæð ef með þarf.

ÚTRUNNIÐ KORT

Gildistími viðkomandi korts er útrunninn og því ekki hægt að taka við kortinu. Bendið korthafa á að endurnýja kort.

BILANIR

POSINN VILL EKKERT GERA

Ef posinn hagar sér undarlega er gott að slökkva á tækinu og ræsa það aftur. Ef ekkert gerist þá hafið samband við Verifone í síma 544 5060.

PRENTARI PRENTAR EKKERT

Ekkert kemur á nótuna. Ath. hvort pappírinn snýr rétt í tækinu. Ef ekki þá þarf að laga pappírinn í tækinu og reyna að prenta afrit af nótunni.

ÞJÓNUSTA

Í gegnum heimasíðu okkar, verifone.is, finnur þú svör við algengum spurningum. Ef þú finnur ekki svar við spurningunni þinni, ekki hika við að hafa samband við þjónustuver okkar í síma 544-5060, á milli kl. 8:00-23:00 á virkum dögum, á laugardögum og sunnudögum milli kl. 9:00-23:00. Einnig er hægt að senda fyrirspurn með tölvupósti á póstfangið verifone@verifone.is

SÍMANÚMER ÞJÓNUSTUVERS +354 544-5060

Verifone á Íslandi ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur, Ísland, Sími: 544 5060, Netfang: verifone@verifone.is, Opið 9-17